

## **5. mál Umræða um stöðu ungs fólks utan skóla (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Oddný Sturludóttir:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla að fá að hefja hér máls á stöðu ungs fólks í Reykjavík sem stendur utan hefðbundins framhaldsskóla. Það er enda sérstök ástæða til þess að huga vel að stöðu ungs fólks í atvinnuleysi og þegar að kreppir að, eins og nú er ástatt í samfélaginu. Ungt fólk sem stendur utanskóla er viðkvæmur hópur, ég tala nú ekki um ungt fólk sem ekki hefur neina atvinnu. Og sagan hefur sýnt fram á að unga fólkid á erfiðara uppdráttar. Ungu fólkid stendur á krossgötum með sína sjálfsmynd og hefur eðli málsins samkvæmt afar stutta sögu á vinnumarkaði. Þar fyrir utan eins og gengur, þá gengur þeim mörgum illa að fóta sig í framhaldsnámi. En ástæða þess að við setjum þetta hér á dagskrá í dag, þó að við höfum sannarlega margoft rætt málefni ungs fólks hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, en það er nýleg rannsókn eða könnun sem að Reykjavíkurborg meðal annars og mennta- og menningarmálaráðuneyti styrkti og var unnin af Háskólanum í Reykjavík eða Rannsóknum og greiningu. Í þeirri könnun var farið yfir og kannað hver staða ungs fólks sem stendur utan skóla 16-20 ára hvernig hún er og það má segja að hún hafi leitt í ljós mjög sláandi niðurstöður. Það er mjög mikill munur á líðan og aðstæðum ungs fólks eftir því hvort það er virkt í námi, hvort að það er með tryggja atvinnu eða án atvinnu og utan skóla. Aðrir þættir til að mynda búseta hefur mjög lítil áhrif á niðurstöðurnar, sem var athyglisvert.

En það var fyrir rúmri viku í nýjum húsakynnum Háskólans í Reykjavík sem að nokkrir borgarfulltrúar sem hér eru staddir sátu kynningu á niðurstöðum skýrslunnar ásamt með öðrum stórum hópi fólks sem lætur sig þessi mál varða. Og ég held að ég hljóti að tala fyrir munn allra sem að þar sátu, þegar að ég segi aðgerða er þörf og það strax. Samfélagsleg ábyrgð opinberra stofnana á ungu fólk er mjög mikil og atvinnuástandið gefur ekki von til mikillar bjartsýni, því miður. Og það er sannað að ungt fólk er fyrst til þess að missa vinnuna þegar harðnar í ári og síðast til þess að fá vinnu aftur. Og það er auðvitað þessi stutta starfsreynsla og oft á tíðum lágt menntunarstig sem gerir það að verkum. Því var afar mikilvægt að fá könnun sem þessa gerða og niðurstöður hennar í hús, til þess að grunsemdir eða tilfinning eða getspár eða hráar tölur um atvinnuleysi sé ekki það eina sem að við kjörnir fulltrúar göngum út frá þegar að við ræðum stöðu ungs fólks. Því að þessi

Bstj. 16. febrúar 2010

könnun sýnir okkur svart á hvítu að staða ungs fólks utan skóla er afar slæm og hún er jafnvel verri en við gerðum okkur í hugarlund um.

En ég vil, forseti, reifa helstu niðurstöður skýrslunnar og það má segja að í öllum tilvikum og þá var sama hvort spurt var um líðan og sjálfsmynd unga fólksins, líkamlega heilsu þess, eftirlit og stuðning foreldra, þátttöku í skipulögðu íþrótt-, félags- og tómstundastarfi, félagslega virkni, tölvuleikjanotkun, sjónvarpsáhorf eða vímuefnanotkun alltaf hallaði á þann hóp sem að er án atvinnu og stendur utan skóla. En nokkrar sláandi niðurstöður voru til að mynda þessar, að 50% atvinnulausra ungmenna 18 ára og eldri höfðu notað amfetamín. Hér erum við að tala um ungmenni á aldrinum 18-20 ára. Til samanburðar hafði 40% atvinnulausra ungmenna 16-18 ára gert slíkt hið sama og þessu til samanburðar höfðu 15% ungmenna 18 ára og eldri sem voru aðallega í námi notað amfetamín einu sinni eða oftár um ævina. Þetta eru ákaflega sláandi niðurstöður. Marijúananotkun; 66% ungmenna 18 ára til 20 ára höfðu notað marijúana einu sinni eða oftár um ævina. 51% 16-18 ára, en til samanburðar 30% ungmenna 18 ára og eldri sem aðallega voru í námi. Nú, daglegar reykingar 64% ungmenna 18 ára og eldri sem eru án atvinnu og standa utan skóla til samanburðar 19% þeirra sem að teljast námsmenn.

En af því að ég hef hér leikinn á vímuefnanotkun ungs fólk, þá verð ég þó að geta þess að við höfum hér á landi voru náð gríðarlega góðum árangri með forvarnarvinnu og svona ákveðinni vitundarvakningu í nærsamfélagi unglinga síðastliðin ár, þannig að það er algjör óþarfi að mála skrattann á veginn með það. Það þarf að halda því til haga að vímuefnaneysla hefur minnkað jafnt og þétt á meðal grunnskólanema undanfarin ár, en það má segja að þegar þessi sérstaki hópur er skoðaður, þá eru sannarlega sterkar blikur á lofti.

En aðeins yfir í aðra sálma og þá tölvuleikjaspil og tölvuleikjanotkun, en 19% atvinnulausra stráka verja 4 klst. eða meira í tölvuleikjaspil á hverjum degi og 31% bæði stelpna og stráka sem eru án atvinnu og standa utan skóla verja að jafnaði á netinu og þá á vefnum í leikjum eða á spjallrásum á hverjum degi meira en 4 klst. Íþróttir- og líkamsrækt 18% atvinnulausra 18-20 ára og 20% þeirra sem skilgreina sig sem aðallega í vinnu stunda íþróttir eða líkamsrækt 4 sinnum í viku eða oftár. En til samanburðar er þetta hlutfall 44% hjá þeim sem eru námsmenn. 45-47% atvinnulausra 16-20 ára telja líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega,

Bstj. 16. febrúar 2010

sem hljóta að teljast ansi sláandi niðurstöður, til samanburðar um 20% þeirra sem eru námsmenn. 62% ungmenna 16-18 ára sem eru atvinnulaus telja andlega heilsu sína sæmilega eða lélega, til samanburðar 20% þeirra ungmenna 16-18 ára sem eru námsmenn. Í ljós kemur líka að ungmenni án atvinnu og ekki í skóla eiga í losaralegra sambandi við foreldra sína, eru frekar eftirlitslaus og upplifa skort á stuðningi frá foreldrum sínum.

Forseti, þessar niðurstöður sem ég tæpi hér á og mæli nú með því að borgarfulltrúar kynni sér þessa skýrslu í heild sinni. Hún er ákaflega fróðleg og fyrir okkur stjórnvöld og okkur sem mótum stefnu í málefnum ungs fólks á Íslandi eru þessar niðurstöður ákaflega þýðingarmiklar og máttu eiginlega ekki koma deginum seinna. Það er staðreynd að það er ákveðinn hópur ungmenna sem nær alls ekki fótfestu í framhaldsnámi og þessi sami hópur á um þessar mundir mjög erfitt uppdráttar á vinnumarkaði. Áður hef ég úr þessum ræðustól ítrekað mikilvægi þess að borg og ríki stilli saman strengi gegn þeirri vá sem steðjar að ungu fólki án atvinnu í því árferði sem við búum við í dag. Við höfum alls ekki efni á því að missa unga fólkið okkar í ládeyðu og óvirkni, slíkt brýtur niður sjálfstraust ungmenna á erfiðum mótunar árum sem oft reynist mjög erfitt að byggja upp síðar á lífsleiðinni.

Ég ætla í þessu samhengi að minnast á átak Vinnumálastofnunar og félags- og tryggingamálaráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytisins sem nefnt hefur verið „Ungt fólk til athafna“ og er nú komið á fullan skrið. Reykjavíkurborg hefur ásamt auðvitað fjölmörgum öðrum stofnunum, félagasamtökum og fyrirtækjum í Reykjavík og út um allt land tekið þátt í þessu átaki. Við þekkjum hér í þessum sal „Vítamín-námskeið“ Hins hússins sem eru vel heppnuð og nú er 6. námskeiðið í gangi og óhætt að segja að þar sé verulega vel komið á mótis við unga atvinnuleitendur, og það námskeið er kannski prýðisgott dæmi um það hversu miklu samstarf ríkis og borgar skilar sér. Þjónustumiðstöðvarnar í hverju hverfi hafa svo sinnt íbúum sem ekki njóta bótaréttar, eru ekki tryggðir hjá atvinnuleysistryggingarsjóði og fá þar afleiðandi fjárhagsaðstoð hjá Reykjavíkurborg, og virkniverkefni og ráðgjöf af ýmsu tagi standa þeim íbúum til boða.

Bstj. 16. febrúar 2010

En hvað er að gerast hér hjá Reykjavíkurborg og hvernig getum við náð betur til ungs fólks sem er utan skóla. Að mínu mati er samstarf margra aðila lykillinn að bæði farsæld, hagsæld og velferð. Og við eigum alls ekki í þessu árferði að finna upp hjólið með ný og ný úrræði. Niðurstöður kannanna liggja fyrir og þó að niðurstöðurnar séu sláandi, þá ættu þær samt sem ekki að koma okkur alfarið á óvart. En við búum hér að sterkum þjónustumiðstöðvum, sterkum frístundamiðstöðvum og framhaldsskólum í hverfum borgarinnar sem nú þurfa að beina sjónum sínum sameiginlega að viðfangsefninu. Átak Vinnumálastofnunar sem ég minntist á hér áðan „Ungt fólk til athafna“, það má segja að þar sé leitt áfram ákveðið leitar- og ráðgjafastarf og eins eftirfylgni. En Vinnumálastofnun leitar til samstarfsaðila úti á vettvangi sem hafa þekkingu og starfsfólk sem best er til þess fallið að virkja þennan hóp ungmenna, sem hefur jafnvel verið lengi í lítilli virkni með tilheyrandi slæmum afleiðingum á þeirra andlegu og líkamlegu heilsu. En með því að leysa úr læðingi samstarfskraftinn sem býr svo sannarlega í stofnunum borgarinnar og annarra úti í hverfunum, þar sem að vandamál og viðfangsefni íbúanna eru daglegt brauð og öllum kunn, þá getum við og ættum að geta virkjað öll þessi ungmenni til þátttöku. Við getum boðið þeim námstilboð með fulltingi Vinnumálastofnunar og framhaldsskóla, við getum boðið þeim ráðgjöf og námskeið með fulltingi þjónustumiðstöðva, námsflokka, Rauða krossins, símenntunarmiðstöðva og svona mætti lengi telja. Aðeins hef ég komið inn á hér úr þessum ræðustól verkefni sem er að leysast úr læðingi getum við sagt í Breiðholti, en þar hefur kviknað á hverfavísu afar mikilvægur neisti sem að við borgarfulltrúar ættum að gefa gaum.

Þar hafa sem sagt borgarstofnanir ásamt Rauða krossi, Reykjavíkurdældinni þar og Fjölbrautarskólanum í Breiðholti mynda samráðsvettvang til þess að nálgast atvinnulaus ungmenni á hverfa-basis. Til þess að nýta félagsauðinn sem styður við bakið á þessum ungmennum og nýta samstarfstækifærin sem bjóðast innan hverfis. Og hagur borgarinnar er vitanlega sá að við náum betur til þessa þunga hóps sem eingöngu er á fjárhagsaðstoð, samstarf sem þetta nýtist því ávallt sem hluti af stærri heild. Krafturinn í samstarfinu og á honum hef ég tröllatru, hann leysir eins og ég sagði úr læðingi ný tækifæri, hann brýtur niður múra á milli stofnanna og hann gerir fólki á vettvangi að vinna saman að verkefnum þar sem hagsmundir allra eru ljósir. Og það var ánægjulegt í Háskólanum í Reykjavík fyrir

Bstj. 16. febrúar 2010

rúmri viku síðan að heyra hversu afdráttarlausa afstöðu bæði borgarstjóri og ráðherra menntamála tóku þegar niðurstöður þessarar könnunar á högum ungs fólks utan skóla lágu fyrir. Borgarstjóri sagði einfaldlega að við ættum ekki að líða slíkar niðurstöður, þetta gætum við ekki þolað. Við gætum ekki horft upp á hluta ungu kynslóðarinnar veslast upp og líða hreinlega mjög, mjög illa. Og ég held að við getum öll verið hjartanlega sammála því.

En forseti, það er mín von að borgarstjórn öll átti sig á því að hér þarf að bregðast skjótt við. Framlag borgarinnar til þess að virkja unga íbúa sína til uppbyggilegra hluta í erfiðu atvinnuástandi hafa verið þessi námskeið Hins hússins vel heppnuð. „Vítamín-námskeið“ og ráðgjöf og námskeið á vettvangi þjónustumiðstöðvanna. En þessum úrræðum þarf einfaldlega að fjölga og þau þurfa að vera í boði fyrir fleiri, og þau þurfa að eiga sér stað í öllum hverfum borgarinnar. Og það er varla hægt að vísa í nýjustu tölur um atvinnuleysi þegar þessi aldurshópur er annars vegar, því svo ört fer hann vaxandi og allt eins gott að horfast í augu við það að atvinnuleysið og neikvæð afleiðingar þess verður viðfangsefni okkar næstu misserin. Vinnumálastofnun, Reykjavíkurdæld Rauða krossins og aðrar stofnanir eru tilbúnar í þessa vegferð. Og á vettvangi atvinnumálahóps er í mótun viljayfirlýsing og drög að rammasamningi við Vinnumálastofnun og ráðuneytið, sem er sanngjarnt fyrir borgina og unga íbúa hennar í atvinnuleit, og hann gengur út á það sem þessi „Vítamín-námskeið“ hafa hingað til gengið út á, að Vinnumálastofnun greiðir fyrir þann hóp sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingarkerfisins og borgin greiðir fyrir þann hóp ungra Reykvíkinga sem hefur engan bótarétt. Og þeir ungu Reykvíkingar þurfa sárlega á athygli okkar að halda.

En það blasir við, forseti, að eitthvað viðbótarfjármagn þarf að koma til þess að við náum til sem flestra sem fyrst á þessu ári. Ungt fólk án atvinnu og utan skóla getur ekki beðið mikið lengur. Eins þarf að innsigla þessa viljayfirlýsingu borgar og ráðuneytis um stórsókn um samstarf vegna ungs fólks utan skóla og án atvinnu. Og ég treysti því að skilningur borgarstjórnar sé sá hinn sami, að aðgerða er þörf og við megum ekki láta þetta ástand vara mikið lengur.

En forseti, ég hef látið ótalið í þessari tölu minni hið mikla sóknarfæri í samstarfi við grunnskóla okkar hér í Reykjavík og svo framhaldsskólana til þess að tryggja

Bstj. 16. febrúar 2010

sem lægst hlutfall brottfalls úr framhaldskólum. Það er auðvitað stóra velferðarmálið að tryggja sem farsælasta framhaldsskólagöngu fyrir sem stærstan hóp ungmenna. Og ég mun fyrir hönd Samfylkingarinnar láta að mér kveða um það fyrir en síðar hér á vettvangi borgarstjórnar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

Bstj. 16. febrúar 2010

## **5. mál Umræða um stöðu ungs fólks utan skóla (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarfulltrúanum Oddnýju Sturludóttur fyrir að vekja athygli á þessu máli hér sem er stórt og mikið og ég segi líkt og borgarfulltrúinn, að ég var ansi slegin, þó svo að maður verði auðvitað að viðurkenna það að það kemur manni kannski ekki alveg á óvart að staða þessa hóps sé þetta erfið, en þó hversu alvarleg hún er kom óþægilega á óvart, skulum við segja. En eins og borgarfulltrúinn kom inn á þá hefur Rannsókn og greining nýverið kynnt rannsóknir á högum ungmenna á aldrinum 16-20 ára, þau ungmenni sem eru utan framhaldsskóla.

Og ég ætla ekki að orðlengja það sem Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi kom svo ágætlega inn á hér áðan, að niðurstöðurnar leiða í ljós að þeim aðilum í þessum aldurshópi sem eru án vinnu eða sem eru í einhverju starfi, hlutastarfi, þeim líður umtalsvert verr heldur en jafnöldrum þeirra í námi. Ungmennin virðast eins og borgarfulltrúinn nefndi finna fyrir minni stuðningi að heiman, þau eru líklegri til að eiga við andlega erfiðleika og það var sláandi að sjá hversu miklu mun líklegri því miður þau virðast vera til þess að ánetjast einhvers konar vímuefnum, heldur en sá samanburðarhópur sem þarna var, sem er samanburðarhópur framhaldsskólanema.

Og þetta var auðvitað mjög skýrt og er auðvitað mjög slæmt. Og á þessum fundi voru ræddar alls kyns hugmyndir er varða það hvaða lærdóm drögum við af þessu og hvað er best að gera. Og ég held reyndar að skilaboðin hafi verið mjög afdráttarlaus frá öllum um það að við þetta væri ekki hægt að una og við vitnuðum til dæmis í það á þessum fundi þá ferð sem að við sem hér erum nokkur fórum til Norðurlandanna til að velta fyrir okkur afleiðingum kreppunnar, þar sem að okkur var alls staðar bent á það að láta það ekki gerast í íslensku samfélagi, að hópur af ungu fólki mundi festast í einhverri þeirri gildru sem því miður virðist vera að einhverju leyti að endurspeglast í þessari niðurstöðu. Þannig að um það var rætt og um það var einnig rætt sem mér finnst vera mikilvægast í þessu, hverjar væru lausnirnar. Og þar ræddi ráðherra og fleiri um það, og ég held að það sé alveg ljóst, að það sem þetta segir okkur fyrst og síðast og þannig þurfa auðvitað sveitarfélög og ríkisvaldið að vinna saman að því lengur sem okkur tekst að halda

Bstj. 16. febrúar 2010

ungu fólki í uppbyggilegu námi eða uppbyggilegum verkefnum öðrum, ef þau ekki kjósa að vera í námi, að það er lang-, langmikilvægast.

Það var líka rætt mikið um forvarnir á þessum fundi sem virðast illa eða ekki ná til þessa hóps, sem er alvarlegt og aðrir hlutir sem greinilega þarf að huga að. En það er auðvitað þannig að Reykjavíkurborg hefur með ýmsum hætti beitt sér í þágu ungmenna utan skóla, þrátt fyrir að einhverjir mundu segja að það væri ekki beint verkefni okkar, menn gætu sagt ungmenni sem að farin eru úr skóla 16 ára eru bara á „eigin ábyrgð“ og ef ekki þá er það ríkisvaldsins að huga að því. En Reykjavíkurborg hefur gert ýmislegt, til dæmis veitti Reykjavíkurborg Rannsókn og greiningu styrk til þess að framkvæma þessa könnun og við höfum komið að ýmsum verkefnum, sérstaklega að því er lýtur að ráðgjöf inni í þjónustumiðstöðvunum fyrir ungmenni og fjölskyldur þeirra sem eru í verst setta hópnum og þar bjóðum við upp á viðtöl, ráðgjöf og stuðning.

Og það var einmitt athyglisvert að þarna var, nú man ég auðvitað ekki nafnið á viðkomandi konu, en þarna var staddur félagsráðgjafi sem lengi hafði starfað á Norðurlöndunum og hafði sérstaklega skoðað þessi mál og benti fundarmönnum á að greinilega væri mikilvægasta aðgerðin fólgin í ákveðinni námsaðstoð, námsráðgjöf þar sem fullorðnir einstaklingar reyndu að leiða þessum ungmennum það fyrir sjónir hversu mikilvægt væri að reyna að halda áfram námi og hversu mikilvægt væri að fá þau til þess að vinna einhvern veginn með þessum aðilum að því. Þannig að það var svona hennar svona „input“ í þetta allt saman.

Mig langar líka til þess að nefna það vegna þess að við höfum verið að vinna hluti er tengjast „Virkniverkefni“. Velferðarsvið hefur unnið að undirbúningi fyrir svokallað „Virkniverkefni“ fyrir fólk á fjárhagsaðstoð um þessar mundir sem er mikilvægt fyrir þennan hóp. Auk þess er verið að vinna að undirbúningi og útfærslu í einu hverfi borgarinnar í samvinnu margra aðila að úrræði til að vinna með þennan hóp líka. Síðan erum við með Fjölsmiðjuna eins og menn þekkja. Svo er það ákveðið verkefni sem kallast „Starfskraftur“ sem felur í sér 10-12 vikna nám og við erum með verkefni sem kallast „Hverinn“ sem er 12 vikna námskeið til að styðja og hvetja 16-24 ára ungmenni. Svo er það verkefni „Vítamíns“ hjá Hinu húsinu sem hefur gefið mjög góða raun. Og svo vek ég athygli til viðbótar á verkefni sem að félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun hafa óskað eftir

Bstj. 16. febrúar 2010

Þátttöku Borgarbókasafnsins í og það er verkefnið „Ungt fólk til athafna“ og þáttur bókasafnsins í því verkefni mun felast í virkni úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni af erlendum uppruna á aldrinum 20-24 ára.

Og síðan má ekki gleyma því að nú nýverið í tengslum við fjárhagsáætlun þá samþykkti borgarstjórn tillögur um það að veita 150 milljónum kr. til sérstakra verkefna er tengjast atvinnuátaki fyrir skömmu. Og nú hafa þegar verið afgreiddar í borgarráði tillögur um meðferð þess fjármagns og við höfum séð auglýsingar sem birtust í blöðunum um helgina til þess að hvetja ungt fólk til þess að sækja um. Og þar er lögð áhersla til þess að styðja ungt fólk og fólk sem stendur höllum fæti, til dæmis verður 30 milljónum kr. sérstaklega varið í atvinnusköpun og uppbyggileg verkefni í þágu ungs fólks, og af öðrum sérstökum hópum má nefna fatlað fólk á fjárhagsaðstoð og nemendur vegna vinnu við verkefni á vegum Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

Allt eru þetta mikilvæg verkefni og mikilvægt framlag borgarinnar til þessara mála og vekur auðvitað athygli hversu vel og kröftuglega hefur verið staðið að því og ég vænti mikils af því. Og við höfum skipað ákveðinn úthlutunarhópa til að úthluta þessum fjármunum og við úthlutun fjármagnsins verður tekið mið af því að verkefnið leiði af sér sem flest ný störf, auðgi borgarlífið og hvetji ungt fólk áfram til dáða. Og svo er það líka forvarnar- og framfarasjóðurinn sem ég nefndi hér áðan sem að hefur verið að styðja mörg svona verkefni. Og það er auðvitað þannig líka að við höfum verið með fullt, fullt af störfum í tengslum við sumarvinnuna hjá okkur og svo framvegis. Of langt mál væri að telja það upp.

En mig langaði að nefna það að lokum, forseti, vegna þess að borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir kom inn á það, að það væri að skapast ákveðið frumkvæði inn í hverfunum, til dæmis í Breiðholtinu og Grafarvoginum og víðar, þar sem að menn eru að skoða það að gera samninga við Vinnumálastofnun um ákveðið frumkvæði inn í þessum hverfum. Og ég tel að það sé mjög mikilvægt verkefni og ég held að við eigum að læra af því sem að þessir aðilar sem hvað gleggst til þekkja og hafa verið að vinna í þessu fyrir okkur, sem eru þessir aðilar innan atvinnumálahópsins, sem leggja áherslu á það að hverfatengja ákveðna hluti er þetta varðar. Og það er svo sem það sama og maður heyrir þegar að maður fer inn í þjónustumiðstöðvarnar að víða er það þannig, að starfsmenn þjónustumiðstöðva

Bstj. 16. febrúar 2010

og starfsmenn hverfisins í víðum skilningi eru farnir að þekkja mjög vel til ákveðinna aðila, ákveðinna einstaklinga sem er þá hægt að huga sérstaklega að.

Og borgarfulltrúinn nefndi það að við þyrftum að skoða hvort að við gætum komið sérstaklega að því og ég tel að það sé rétt og skylt að gera það, og við bíðum og sjáum hvernig niðurstaða atvinnumálahópsins verður með það. En ég get alla vega sagt það fyrir mína hönd að ég styð það frumkvæði sem atvinnumálahópurinn er að vinna með inni í hverfunum og er sannfærð um að það geti leitt af sér enn betri virkni þessara hópa. Og það að við séum sannarlega að taka þátt í því að styrkja stöðu þess unga fólks sem að við viljum alls ekki að festist í þeirri gildru sem þessi skýrsla því miður endurspeglar of vel.

**Forseti:** Háttvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir.

## **5. mál Umræða um stöðu ungs fólks utan skóla (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Jórunn Frímansdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á að þakka fyrir þessa umræðu hér, ég held að hún sé einmitt mjög af hinu góða. Og ég er nú ein af þeim sem að var á þessari kynningu hjá Rannsóknnum og greiningu niður í Háskólanum í Reykjavík. Og auðvitað er þetta afskaplega sláandi að sjá þessar tölulegu upplýsingar, sjá í rauninni hvernig ástandið er og hvað það er mikil þörf fyrir að við bregðumst við í þessu eða meðal þessa hóps. Það er ekkert alveg einfalt samt sem áður og það vitum við auðvitað öll. Borgarstjóri fór mjög vel yfir hér það sem að við erum að gera, þau námskeið og þau úrræði sem að við höfum og allt það. En það þarf að ná til hópsins og það er ofsalega mikilvægt að sem flestir eða bara allir, ég segi bara allir, allt þetta unga fólk að við náum tengslum við það og að við náum að fræða það, aðstoða það í því sem það er að fást við og það viti að það hafi alltaf möguleikann til þess að breyta hegðun sinni, snúa við blaðinu og taka þátt í samfélaginu með öðrum hætti heldur en að það er að gera þá stundina.

Nú, það var afskaplega sláandi líka að sjá hvað það var mikill munur á hópnum sem er í námi af einhverju tagi, þá erum við bara að tala um einhver námskeið, að sá hópum er bara miklu mun betur staddur heldur en hópurinn sem hvort heldur er í vinnu eða atvinnulaus. Og hópurinn sem er á einhverjum námskeiðum eða er eitthvað að gera, hann er líka frekar að taka þátt í íþróttastarfi, hann er í betri tengslum við fjölskylduna sína og þá sem að næst honum standa. Og þetta er eitthvað sem að við þurfum að reyna að vinna með. Brottfall úr skóla er sennilega það mikilvægasta sem að við getum gert – það er að ná þessum krökkum um leið og það fer að halla undan fæti hjá þeim, áður en að þau eru komin í framhaldsskóla vil ég segja.

Því að við vitum þetta og það er vitað og það er eins og kom einmitt fram í máli háttvirts borgarstjóra hér áðan, að þjónustumiðstöðvarnar og ráðgjafarnir þar þeir þekkja ofsalega vel orðið fjölskyldurnar sem eru í vanda, þeir þekkja krakkana og það eru yfirleitt komin einhver teikn um það að það sé svona að halla undan fæti námslega eða hvernig það er áður en krakkar útskrifast úr grunnskóla, og þá þurfum við að grípa inn í og það erum við að reyna. Við erum einmitt í verkefni

Bstj. 16. febrúar 2010

upp í Breiðholti þar sem virkilega er verið að reyna að vinna með þetta og við erum alveg á réttri leið, það er alveg þannig. Við erum líka að endurskoða samninga okkar við Rannsóknir og greiningu núna sem hafa verið að gera könnun fyrir okkur í grunnskólunum þar sem að við fylgjumst mjög vel með hvernig hagir og líðan barna eru, og hvernig þessir hlutir hafa verið að breytast í gegnum árin. Við höfum verið að ná gríðarlega miklum árangri hér á Íslandi í forvarnarmálum. Við höfum verið að ná árangri í því að börn byrja síður að reykja, fara síður að neyta áfengis og það er alltaf að verða minni og minni prósentu, en við getum gert betur.

Ég er alveg klár á því að við getum gert betur og við getum unnið með fjölskyldum og börnum lengur heldur en að við erum að gera. Þannig að við getum haldið þeim frá vímuefnum og öðru slíku. Þannig að þau séu orðin eldri þegar þau byrji. Og það er mikil vakning meðal framhaldsskólanna um það að taka algjörlega á þessum málum. Fjölskyldurnar og foreldrar eru farnir að vera miklu meðvitaðri um það að fylgja börnunum sínum eftir á fyrstu árunum í framhaldsskólanum og sleppa ekki af þeim hendinni. En það er ekki þessi hópur sem við erum að tala um hér, þetta er einmitt hópurinn sem er þar fyrir utan og þess vegna er svo mikilvægt að vinna alveg niður í bara, mér liggur við að segja bara fæðingu barns. Að vinna með foreldrum í foreldrahlutverkinu, í uppeldishlutverkinu og í ábyrgðinni sem því fylgir að eignast barn og ala það upp og annað slíkt, því þá vinnum við okkur upp í það að vinna á þessum vanda og koma í veg fyrir það að börn leiðist út í fíkniefni, áfengi, tóbak eða annað slíkt.

Það er búið að fara yfir herna helstu niðurstöður úr þessari rannsókn, borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir gerði það mjög vel og háttvirtur borgarstjóri fór hér yfir, eins og ég sagði það sem að við erum að gera. En það er líka mikilvægt að vinna með þær tölulegu upplýsingar sem að við erum að fá og ég held að það skipti miklu máli núna á þessum tímum að hafa nýjustu upplýsingar alltaf. Að greina vel vandann, að fylgjast með því, það er að verða fjölgun klárlega í atvinnuleysi meðal ungs fólks og við þurfum að fylgjast nákvæmlega með því hvernig það þróast. Við þurfum að vinna með hópinn, við þurfum að greina það hvað við náum til stórs hluta þess hóps. Hvað ráðgjafarnir okkar á þjónustumiðstöðvum, hvað þeir ná miklum árangri í því að ná þessum hópi inn í

Bstj. 16. febrúar 2010

námskeið eða fá hann til þess að taka þátt í einhverjum verkefnum eða störfum sem að við getum boðið upp á. Og með því að fylgjast með því, þá sjáum við líka hvað við þurfum að gera betur og hvernig við þurfum að vinna enn frekar að því að ná til hópsins.

Við höfum ekki þau úrræði að geta sagt við okkar hóp eða einstaklinga sem að leita eftir fjárhagsaðstoð að þeim beri skylda til þess að fara á námskeið eða sækja verkefni eða neitt slíkt. Við höfum ekki þau úrræði, en hins vegar getum við boðið upp á námskeiðin og við getum haldið því að fólkinu. Við gætum boðað einstaklinga í viðtöl en við getum ekki krafist þess að þeir komi í viðtölin. Og það er kannski það sem við eigum við að glíma og þess vegna segi ég eins og ég sagði hér í upphafi máls míns, við vitum það öll að við getum ekki náð til alls hópsins eða það er alla vega erfiðleikum bundið.

En áfram veginn. Við ætlum okkur og erum öll hér reiðubúin í það að vinna með hópnum. Við erum eins og ég sagði hér í máli mínu fyrr í dag, að við erum hér í aðgerðarhópi barna, við erum að horfa á það hvernig við tileinkum þetta ár velferð barna. Og alveg eins og ég kom inn á þá og á ekki síður við nú, að við höfum sérstakar áhyggjur af hópnum 16-18 ára hvað varðar börn hér í Reykjavík og við verðum að leita allra leiða til þess að hjálpa þessum einstaklingum og það er ekki eftir neinu að bíða, við þurfum að ganga til verkanna strax.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir hefur lokið máli sínu. Og þá tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

Bstj. 16. febrúar 2010

## 5. mál Umræða um stöðu ungs fólks utan skóla (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Við erum að ræða hérna stöðu ungs fólks sem er utan skóla. Ég vil vekja athygli á einum hluta þeirrar rannsóknar sem hér er til umræðu. Ég vil vekja athygli á líðan eða öllu heldur vanlíðan ungmenna sem að eru bæði utan atvinnu og utan skóla, og velta fyrir mér hvað það þýðir fyrir samfélagið, eins og borgarsamfélagið er í dag. Í rannsókninni sem að Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi sagði frá, kemur fram að staða unga fólksins sem að er yngri en 18 ára og er utan skóla og án vinnu er verst. Það þarf í sjálfu sér ekki að kom á óvart. En á sama tíma og ég og allir aðrir erum að tala um unga fólkið og ungmennin megum við ekki gleyma að við erum að tala um börn. Við erum að tala um börn samkvæmt íslenskum lögum og líka samkvæmt Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Í öllum tilfellum og í þeim rannsóknarniðurstöðum sem ég ætla að benda á er ég að tala um niðurstöður fyrir þá sem eru yngri en 18 ára og eru börn.

Börn yngri en 18 ára sem eru atvinnulaus eru í 26% tilfella einmanna miðað við 9% þeirra barna sem að eru í skóla á sama aldri. Einmannaleikinn skýrir að hluta til að 43% þessara sömu barna sem ekki hafa náð fullorðinsaldri telja sig vera misheppnuð. Við erum að tala um að 43% atvinnulausra barna yngri en 18 ára telja sig vera misheppnuð, þetta er næstum því helmingurinn. Og þetta eru alveg svakalega sláandi niðurstöður og mega ekki gleymast í öllum öðrum niðurstöðum. Og 36% eða rúmlega þriðjungur finnst framtíðin vonlaus. En þó eru einungis 4% barna á sama aldri 16-18 ára sem er í skóla sem finnst framtíðin vonlaus. Við erum annars vegar með 4% og hins vegar 36% og þetta er sláandi munur. Þetta er svört mynd en Þórólfur Þórlindsson prófessor, sem hélt utan um málþing Rannsóknar og greiningar, þar sem að rannsóknin var kynnt í Háskólanum í Reykjavík, benti á að myndin sé að öllum líkindum svartari en sú sem að birtist í þessum alvarlegu tölum.

Ástæðan er sú að svarhlutfallið var einungis 55% þó að mikið hafi verið kallað eftir svörum, en það er langlíklegast og reynslan af fyrri rannsóknum segir okkur það, að þeir sem að eru verst staddir þeir eru ólíklegastir til þess að svara svona könnun. Þannig að við megum kannski ætla að enn fleiri finnast framtíðin vera

Bstj. 16. febrúar 2010

vonlaus og telja sig vera misheppnaðir. Við getum öll fundið til með þessu unga fólki sem horfir ekki björtum augum fram á veginn á sama tíma og þau upplifa sig einmanna og misheppnuð. En við megum ekki horfa fram hjá öðrum hrópandi niðurstöðum. 62% þessara 16-18 ára barna sem eru atvinnulaus finnast andleg heilsa sín sæmileg eða léleg, sem sagt 2/3 hlutar og 47% segir líkamlega heilsu sína sæmilega eða lélega. Og það kemur þá ekki á óvart að mjög mikið af þessu unga fólki er heilbrigðiskerfinu nú þegar orðið dýrt strax í upphafstíma síns atvinnuleysis, þar sem að þau eru með lélega heilsu.

En til samanburðar þykja 20% þeirra sem eru í skóla bæði heilsa sín andlega og líkamlega vera sæmilega eða lélega. Þessar niðurstöður eiga heldur ekki að koma á óvart enda í samhengi við það sem að við höfum talað um undir merkjum félagslegra afleiðinga atvinnuleysis, þar sem atvinnuleysi er samfélaginu dýrt, því að heilsan versnar í réttu hlutfalli við tímalengd atvinnuleysis. Jafnvel geta afleiðingar verið enn verri hér á landi en í samanburðar ríkjum þar sem atvinnuleysi er viðurkennt, en hér á landi er engin, hvorki saga né menning um atvinnuleysi sem að gerir það að verkum, að þeir sem að eru atvinnulausir nú telja sig jafnvel enn misheppnaðri en þar sem að þetta þekkist betur.

Nú er ríkisvaldið að veita 1,3 milljarði kr. til átaksverkefnis til þess að mæta þessum hópi og ekki bara þessum hópi heldur atvinnulausu fólki upp að 25 ára aldri. Ég held að Reykjavíkurborg þó að hún sé að gera margt eins og borgarfulltrúarnir Oddný Sturludóttir, Jórunn Frímannsdóttir og Hanna Birna Kristjánsdóttir komu hér að, að þá þurfum við að gera miklu meira en bara ráðgjöf og námskeið. Við erum að eyða í samfélaginu mjög miklum peningum í þennan hóp á grunni óþarfa heilbrigðisþjónustu þar sem að atvinnuleysi fer svo illa með heilsu fólksins eins og ég kom að, og ég held að við eigum eftir að horfa fram á mikinn samfélagslegan kostnað þegar rúmlega þriðjungur finnst framtíðin vonlaus. Því að við megum ætla að þessi sömu ungmenni beri ekki virðingu fyrir sínu eigin samfélagi, þau munu ekki byggja upp samfélagið sem þau telja vera vonlaust og því má ætla að andfélagsleg hegðun, afbrot og ofbeldi sem að beint kemur við buddu nærsamfélagsins muni verða mjög mikill þegar fram í sækir. En hvað eigum við að gera annað en að veita þessu fólki ráðgjöf, veita því námskeið og svo framvegis.

Bstj. 16. febrúar 2010

Ég held að það sé orðið tímabært að við tölum um skólaskyldu til 18 ára aldurs. Ég held að við eigum að hætta að líta til þess að grunnskólinn hafi verið skipulagður til 16 ára aldurs og þegar hann var gerður þannig, þá var sjálfræðisaldurinn 16 ár. En síðan eru liðin mörg ár og samfélagslegar breytingar orðið örar og við megum ekki horfa fram hjá því að atvinnutilboðum fyrir ófaglærða hefur stórlega fækkað. Og það er ekki þannig að börn 16 ára geti þá að loknum grunnskóla átt langa og farsæla atvinnusögu þaðan í frá. Þvert á móti, það eru engir möguleikar fyrir 16 ára sem að ekki fara áfram í skóla. Og þess vegna segi ég það og ég vil bara varpa þessu fram, ég get ekkert ákveðið það ein og sér eða ég vil ekki leggja heldur fram tillögu um það hér að skólaskylda verði til 18 ára aldurs, því að ég held að umræðan verði fyrst að fara af stað út í samfélaginu.

En við eigum að byrja á að ræða það að bara umbera ekkert atvinnuleysi og umbera það ekki að börn, sem sagt, séu án skóla fyrr en þau eru hætt að vera börn. Og núna eru börn börn til 18 ára aldurs, þau voru til 16 ára aldurs þegar skólaskyldan var ákveðin til 16 ára. Við verðum að fá menntun við allra hæfi, hvort sem það er starfsnám, iðnnám eða bóknám og á hraða hvers um sig og við höfum heilmikla reynslu. Við erum að veita til dæmis fötluðum framhaldsskólamenntun sem að gefist hefur mjög vel, en við erum alltaf að sleppa þeim lausum sem eru á gráa svæðinu, sem er bæði mjög rúmt og vítt, en hafa samt ríkulegar sérþarfir, en erum að veita þeim menntun sem hafa enn ríkari sérþarfir en þetta unga fólk á gráa svæðinu. Og við eigum að nýta okkur þá reynslu.

En það þarf að mennta sem sagt alla því að það margborgar sig. Annars þurfum við að horfa fram á mikinn og óþarfa heilbrigðiskostnað til lengri tíma vegna vanlíðanar og tilgangsleysis, og við erum að horfa fram á mikinn samfélagslegan kostnað vegna andfélagslegrar hegðunar og við munum valda bæði fólki og samfélagi ómældum skaða. Þannig að ég legg til að við byrjum að hugsa það og munum síðan í framhaldinu ræða það, það er formlega, að lengja grunnskólann til 18 ára aldurs.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir óskað eftir að veita andsvar.

**5. mál Umræða um stöðu ungs fólks utan skóla (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Jórunn Ósk Frímansdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Við borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir höfum nú rætt þessa hluti okkar á milli með skólaskylduna og vil ég í sjálfu sér taka undir margt af því sem fram kom í máli borgarfulltrúans að það væri klárlega liður í því að leysa þetta. Við þurfum þó að huga að því að þá um leið þurfum við að vera með ofboðslega mikið af úrræðum og við þurfum að hafa fjölbreyttan skóla þá á milli 16 og 18 ára aldursins. Ég er ekki viss um að skólakerfið okkar eins og það er núna mundi fullnægja þeim þörfum sem að fyrir hendi eru varðandi það að gera þessa breytingu. En ég hvet borgarfulltrúa Björk Vilhelmsdóttur til þess að tala um þetta í sínum hópi og skoða það hvaða möguleikar eru í stöðunni og ríkisvaldið þyrfti klárlega að ganga þarna fram fyrir skjöldu ef að þessi breyting ætti að verða að veruleika.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Jórunn Ósk Frímansdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir.

**5. mál Umræða um stöðu ungs fólks utan skóla (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Marta Guðjónsdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég held að við getum öll verið sammála um það að niðurstöður Rannsóknar og greiningar á högum ungs fólks eru sláandi og ég held að við getum líka verið öll sammála um það að við verðum að fjölga úrræðunum. Hins vegar er eins og borgarstjóri kom inn á hér áðan fjölmörg verkefni í gangi, en auðvitað má alltaf gera betur. Ég hjó eftir því í ræðu borgarfulltrúans Oddnýjar Sturludóttur að hún talaði um að það væri kraftur í samvinnu. Ég get alveg fallist á það með henni að auðvitað er best að allar stofnanir sameinist um það að vinna saman að úrræðum, en auðvitað krefst þetta líka samvinnu borgar og ríkis. Það var athyglisvert að borgarfulltrúinn Björk Vilhelmsdóttir talaði um skólaskyldu til 18 ára og ég má til með í því sambandi að nefna að á sama tíma og Björk ræðir þetta er ríkisstjórnin að skera niður fjarnám til þessa sama aldurshóps.

Þannig að þau ungmenni sem verða án atvinnu í sumar 16-18 ára munu ekki geta nýtt þennan tíma á uppbyggilegan hátt til þess að mennta sig. Þannig að ég vísa því nú til Bjarkar að ræða við sitt fólk í ríkisstjórninni eða sinn flokk sem að stendur að þessari ríkisstjórn og ég vil líka minna Oddnýju Sturludóttur á það, sem að situr í menntaráði, að við fengum fregnir af því í haust að menntamálaráðherra hygðist skera niður fjarnám til grunnskólanema, en það sýnist mér brjóta í bága við grunnskólalögin, því að í 26. gr. grunnskólalaganna er kveðið á um það, að þessir sömu nemendur, þ.e.a.s. í grunnskólanum, eigi rétt á því að stunda nám í einstaka fögum í framhaldsskóla samhliða námi sínu í grunnskóla.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir óskað eftir að veita andsvar.

**5. mál Umræða um stöðu ungs fólks utan skóla (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil eiginlega þakka fyrir þessa umræðu sem að skólaskylda til 18 ára aldurs hefur vakið og ég er sammála borgarfulltrúa Jórunni Ósk Frímansdóttur um að auðvitað kallar það á fjölbreyttari skóla en við höfum í dag. Við þurfum fjölbreyttara námsúrval það er alveg ljóst, þegar að við höfum eins mikið brottnám eins og raunin er hér á landi. Eitt er fjarnám og það er ekki gott að það sé verið að skera niður fjarnám. En fjarnám er eitthvað nám sem hentar sko yfirburðar nemendum sem hafa sjálfsaga og hafa þannig aðstæður í sínu lífi að þeir stjórna hlutunum og þar á meðal námsframvindunni. Og ég get ekki séð að það muni leysa mikið nám þeirra sem að eiga við atvinnuleysi og ýmsa vanlíðan að stríða samhliða atvinnuleysinu, heldur þarf annars konar og miklu meira utan umhald en þekkist í hefðbundnum skólum. Þess vegna er ég sammál því sem að Jórunn Frímansdóttir var að segja að það þarf fjölbreyttara nám og meira utan umhald fyrir þennan hóp sem að hefur verið að detta út úr skóla, en fjarnámið er gott fyrir yfirburðar nemendur.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Og þá svarar borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir andsvari.

Bstj. 16. febrúar 2010

**5. mál Umræða um stöðu ungs fólks utan skóla (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Marta Guðjónsdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er alveg rétt hjá borgarfulltrúa Björk Vilhelmsdóttur að fjarnám hentar mjög vel afburðar nemendum, en það er ekki alveg öll sagan sögð með því borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir, því að fjarnámið er hugsað fyrir alla nemendur með ólíkar þarfir. Og fjarnámið nýtist mjög vel fötluðum einstaklingum og nemendum með sérþarfir. Og ég hefði haldið að fjarnám gæti einmitt nýst þessum hópi sem að við erum að tala um að þurfi að virkja enn frekar, að þetta gætu verið fyrstu skrefin fyrir þennan hóp til að afla sér menntunar. Því að oft skortir bæði sjálfstraust og hugrekki til þess að fara í nám og þá gætu þetta verið fyrstu skrefin á menntabrautinni.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Marta Guðjónsdóttir hefur lokið við að svara andsvari. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

## **5. mál Umræða um stöðu ungs fólks utan skóla (að beiðni borgarfulltrúa Samfylkingar)**

**Oddný Sturludóttir:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Mig langar að þakka kærlega fyrir þessa góðu umræðu sem hefur átt sér stað um stöðu ungs fólks í Reykjavík sem stendur utan skóla. Sérstaklega vil ég þakka hér þeim sem að tóku til máls og svona ítrekuðu eða tóku undir með mér getum við sagt og minni upphafs ræðu um þetta samstarf sem að verður að eiga sér stað úti í hverfunum, þetta frumkvæði hverfanna eins og borgarstjóri kom hér að. Því að þar þekkir fólk best til og ég held að við höfum alltof lengi í rauninni verið upptekin af því að byggja múra á milli stofnana og ekki síst stjórnsýslustiga.

Það er grátlegt og þau finna mikið fyrir því starfsfólkið okkar úti í frístundamiðstöðvunum sem hafa tengst börnum, ég tala nú ekki um börnum sem eru á gráu svæði og fóta sig ekki nógu vel í skóla, en síðan þegar að gengið er yfir brúnna stóru og miklu yfir í framhaldsskólann að þá er sleppt af þeim hendinni og í raun og veru ekkert formlegt samstarf um þau lengur. Og úr þessu viljum við bæta og það er vísir að því upp í Breiðholti og líka í Grafarvogi og ég er ákaflega ánægð að heyra að borgarstjóri sé tilbúinn til þess að líta það jákvæðum augum, að atvinnumálahópur leggi jafnvel til að við svona gefum því aukinn gaum með einhverjum viðbótar fjárstuðningi. Vegna þess að betur má ef duga skal, ef við ætlum að ná til alls þessa hóps.

En Jórunn kom inn á mikilvægi þess að fylgjast vel með þessum hópi og beita alltaf nýjustu tólum og tækjum getum við sagt til þess að meta hvort að við séum raunverulega að ganga götuna til góðs. Og ég held að núna þegar að við erum að horfa á 6. „Vítamín-námskeiðið“ fara af stað að þá er aldeilis kominn tími til þess að meta hvar eru ungmennin af námskeiði 1 og 2? Hvaða eftirfylgni hafa þau fengið af hálfu Vinnumálastofnunar? Hverju hefur það skilað? Hvar eru þau stödd í dag og hvað gerði þetta fyrir þau? Þannig að við vitum nú hvers konar fjárfesting þessi námskeið eru og hvernig þessum ungmennum reiðir af.

En aðeins áfram um það sem Jórunn Frímannsdóttir borgarfulltrúi sagði, því að hún talaði líka um ráðgjöf þjónustumiðstöðvanna og í drögum atvinnumálahóps og/eða borgarinnar getum við sagt við Vinnumálastofnun um ungt fólk í atvinnuleit er mjög kveðið skýrt á um samfellu í ráðgjöf, og það gæti verið mjög

Bstj. 16. febrúar 2010

spennandi þróunarverkefni, getum við sagt í stjórnslunni, að sum sé ráðgjöf Vinnumálastofnunar og ráðgjöf þjónustumiðstöðvanna stíli betur saman. Þarna held ég að við eigum okkur gríðarleg sóknarfæri.

En mig langar líka að þakka Björk Vilhelmsdóttur fyrir að kasta kannski ekkert ofsalega róttækum bolta á borðið en þó bolta sem er mjög spennandi að ræða og það er skólaskyldan og sjálfræðisaldurinn, og allt þetta. Og það var nú rætt á þessum ágæta fundi í Háskólanum í Reykjavík eða kynningu á niðurstöðum þessarar könnunar, hvort að framhaldsskólinn ætti ekki frekar heima í héraði þegar að svona árar, þannig að við getum haldið betur utan um börnin, því að helmingur framhaldsskólanemenda eru börn, helmingurinn er ungmenni. En það er nú önnur og lengri umræða sem við höfum tekið hér og ekki allir sammála um það.

En svona rétt að lokum, þá þakka ég fyrir þetta og vona að við séum sem flest sammála um það að við verðum að taka aðeins stærri skref og hreyfa okkur aðeins hraðar en við höfum kannski gert áætlanir um, þegar við samþykktum hér fjárhagsáætlun. Við verðum að setja okkur það markmið að á þessu ári hið síðasta náum við til allra þessara ungmenna og barna sem standa höllum fæti og upplifa sig eins og Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi kom inn á, bæði utangátta, rótlaus, einmanna og einskis virði. Og það er sannarlega á okkar ábyrgð að snúa þeirri þróun við.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls og er umræðu lokið. Þá er tekið fyrir 6. mál á dagskrá sem er fundargerð borgarráðs frá 4. febrúar og fundargerð borgarráðs frá 11. febrúar. Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur óskað eftir að taka til máls.